

Kennari	María Albína Tryggvadóttir (maria@vma.is)	Sk.st.	MAL
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um mismunandi tegundir og sérkenni sýkla. Fjallað er um byggingu sýkla, umhverfisþætti er móta útbreiðslu sýkla, smitleiðir og helstu flokka smitsjúkdóma. Farið er í grundvallaratriði í sértækum og almennum vörnum líkamans gegn sýklum og fjallað um hlutverk ónæmiskerfisins. Sýklalyf fá nokkra umfjöllun. Fjallað er um smitgát og reglugerðir um smitvarnir. Farið er í grunnþjálfun við meðferð og ræktun sýkla í tilraunastofu og skýrslugerð.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sögu og þróun sýklafræðinnar
- mismunandi tegundum sýkla og sérkennum þeirra
- helstu flokkum smitsjúkdóma
- mismunandi aðferðum við ræktun og greiningu sýkla
- helstu smitleiðum og eðli smitkeðju
- aðferðum við dauð- og sóttþreinsun og takmörkunum þeirra
- helstu flokkum sýklalyfja, sérhæfðra og ósérhæfðra og verkun þeirra
- grundvallaratriðum í hlutverki ónæmiskerfisins og helstu afleiðingum ónæmisröskunar
- mismunandi tegundum bóluefna og verkun þeirra
- almennum reglum og vinnubrögðum um smitgát, smitvarnir og mikilvægi handþvottar

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- tengja mismunandi umhverfisaðstæður sem við útbreiðslu smitsjúkdóma
- þvo sér um hendur á réttan hátt
- gera skýrslur

•Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra löskunarhrif sýkla á mannlíkama
- útskýra mismunandi smithæfni sýkla
- útskýra smitgát og varnir í tengslum við smitsjúkdóma
- forgangsraða og nýta þekkingu sína í sýklafræði í sérhæfðu starfi
- miðla þekkingu um sýkla í leik og starfi á fjölbreyttan og jákvæðan hátt

Verkefni:

Vikuleg verkefni á Moodle.

Námsgögn: Sýklafræði fyrir framhaldsskóla, eftir Boga Ingimarsson. (Iðnú, 2004(1994)).

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Lotunúmer	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmats
Lota 1 4 vikur	1. Almenn um sýkla (bls. 11 – 21). 2. Sýkingar og varnir gegn þeim. (bls. 22 – 41). 3.-4. Bakteríur. (bls. 113 – 132).	Vikuleg verkefni á moodle	1,5 % fyrir hvert verkefni
Lota 2 3 vikur	5.-7. Sjúkdómsvaldandi bakteríur. (bls. 132 – 159).	Vikuleg verkefni á moodle	1,5 % fyrir hvert verkefni
Lota 3 3 vikur	8.-9. Veirur. (bls. 86 – 112). Valið efni innan sýklafræðinnar	Vikuleg verkefni á moodle Verkefni þar sem nemandi velur útfærslu þess	1,5 % fyrir hvert verkefni 20%
Lota 4 3 vikur	10. Sóttvarnir og sýklalyf. (bls. 42 – 59). 11. Ónæmiskerfið og ónæmisaðgerðir. (bls. 60 – 85). 12. Sveppir og sníkjudýr. (bls. 160 – 187). Efnið í lotu 1-4	Vikuleg verkefni á moodle Lokapróf	1,5 % fyrir hvert verkefni 50%


Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Verkefni	Verkefni unnin á moodle	30%	
Skapandi verkefni	Kynning, ritgerð, ritunarverkefni, viðtal eða annað sem nemandi velur að gera út frá völdu viðfangsefni innan sýklafræðinnar	20%	
Lokapróf	Próf í lok annar	50%	
	Samtals:	100%	
Annað: Ná þarf 4 í lokaprófi til að verkefni verði metin í lokaeinkunn. <u>Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.</u>			

Kennari áskilur sér rétt til breytinga.

Dagsetning:


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils